



Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

12. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 22. janúar 2024 kl. 18.30.

Fundinn sátu:

Jakob Guðnason formaður

Dagný Davíðsdóttir

Anna Katarzyna Wozniczka

Óttar Guðlaugsson, heilsu- og tómstundafulltrúi

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Dagný Davíðsdóttir

1. Heilsueflandi samfélag

Merkingar heilsueflandi samfélags í íþrottamiðstöð og öðrum húsum sveitarfélagsins. Nefndin hvetur heilsu og tómstundafulltúa og forstöðumann íþrottamiðstöðvarinnar til að huga að þessu samhliða uppbyggingar íþróttahússins.

2. Vetrariþróttir í sveitarfélaginu

Hugmyndir um skíðabrekku/hjólabraut, gönguskiðabraut og fleiri vetrariþróttir. Nefndin leggur til að stofna stýrihóp um vetrariþróttir. Nefndin leggur til að Óttari, starfsmanni nefndarinnar falið að vinna málið áfram.

3. Sundkort fyrir eldri borgara og öryrkja.

Rætt um gjaldskrá íþrottamiðstöðvar vegna eldri borgara og öryrkja. Umræður að skoða þetta frekar eftir stofnfund Félags eldri borgara GOGG. Máli frestað.

4. Starfshópur um hjóla- og göngustíga í sveitarfélaginu

Skipað var í vinnuhóp vegna hönnunar á göngu og hjólastígum í GOGG á 566. Fundi sveitarstjórnar þann 5. Apríl 2024. Óttari falið að virkja hópinn.

5. Color run

Upp kom hugmynd frá íþróttakennara Kerhólsskóla um að halda color run hlaup að fyrirmynd grundafjarðarbæjar. Nefndin fagnar hugmyndinni og hvetur Óttar til að vinna málið áfram í samráði við íþróttakennara Kerhólsskóla.

6. Frístundastyrkur

Lagt til að frístundastyrkur verði 60.000.- á ári fyrir 0-18 ára samkvæmt minnisblaði Heilsu og tómstundarfulltrúa.

7. Tilnefningar í ungmennaráð

Nefndin tilnefnir Matthías Fossberg Matthíasson og Ingibjörgu Elku í ungmennaráð

8. Starfshópur um endurskoðun á samfélagsstefnu GOGG

Óttari falið að virkja starfshópinn.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 19:50.



Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps